

STÆKKUN URÐUNARSTAÐARINS VIÐ KLOFNING Í ÖNUNDAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun urðunarstaðarins við Klofning í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að í tillögu að starfsleyfi komi fram skýr krafa Umhverfisstofnunar um söfnun og hreinsun sigvatns og framkvæmdaraðili hefur lýst því í svörum sínum að farið verði að kröfum í starfsleyfi hvað þetta varðar. Skipulagsstofnun telur því að mengunarhætta frá öðrum áfanga urðunarstaðarins við Klofning verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að með bættum vinnubrögðum verði sjónræn áhrif af völdum foks frá urðunarstaðnum ekki veruleg.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Einnig starfsleyfi sem gefið er út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ísafjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. september 2009.

INNGANGUR

Þann 19. júní 2009 tilkynnti Ísafjarðarbær stækkun urðunarstaðarins við Klofning í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 12. ágúst 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. júlí 2009, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 1. júlí 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. júlí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 12. ágúst 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Ísafjarðarbær er landeigandi og framkvæmdaraðili. Fram kemur að urðunarstaðurinn sé á flötum hjalla, í um 35 m hæð yfir sjó, um 1,5 km utan við íbúðabyggðina á Flateyri. Urðunarsvæðinu hafi verið skipt upp í fjóra reiti sem fyrirhugað sé að nýta í jafn mörgum áföngum. Urðunarsvæði fyrsta áfanga, um 10.000 m², sé að verða fullnýtt en urðun hófst þar 1993. Svæði annars áfanga, sem sé til umfjöllunar hér, se um 8.400 m² að stærð. Fyrir neðan urðunarstaðinn sé hár stallur niður í fjöruna. Rekstur urðunarstaðarins bygg á því að urða úrgang, ösku og óbrennanlegt sorp frá sorpbrennslunni Funa. Aska sé og verði flutt í lokuðum gámum og óbrennanlegt sorp í sérstökum gámum frá Funa og öðrum gámasvæðum sveitarfélagsins, á sérútbúnum bifreiðum. Gert sé ráð fyrir að í náinni framtíð verði byggð flokkunarstöð við Funa og með því móti verði hægt að lágmarka úrgang sem fari til urðunar. Í umsókn um starfsleyfi, dagsett febrúar 2009 (fylgiskjal með tilkynningu) segi m.a.:

„Annar úrgangur en óbrennanlegur og aska/brunaleifar frá sorpbrennslu verður ekki urðaður á urðunarstaðnum.“

Gert sé ráð fyrir að urðun verði tæplega 500 tonn á ári og minnki um 25% eftir að flokkunarstöð er komin í gagnið og verði þá um 370 tonn á ári. Urðun muni fara fram vikulega, úrgangi se jafnað í um 1 m þykkt lag og fyllt yfir með jarðvegi og við lokafrágang sé gert ráð fyrir a.m.k. 1 m þykku jarðvegslagi yfir sem regnvatn renni af. Lækjum ofan urðunarsvæðisins verði veitt framhjá því með skurði.

Frágangur að urðun lokinni verði þannig að svæðið falli sem best að umhverfinu. Ekki sé áformuð nein nýting á svæðinu að urðun lokinni, þó megi gera ráð fyrir að svæðið verði nýtt að einhverju leyti til útivistar. Við framkvæmdina muni landslag breytast eitthvað frá því sem nú er og þá sérstaklega þar sem fyllt verði í gamla malarnámu. Reynt verði að haga framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði á umhverfi.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að ókostur við urðun við Klofning sé nálægð við þéttbýli og því þurfi að leggja ríka áheslu á umgengni á svæðinu. Í ástandsskýrslu umhverfisfulltrúa, dags. 1. febrúar 2009, sem er viðauki í tilkynningunni segir m.a.:

„Síðasta sumar leiddu tvær kannanir í ljós að oft er sorp urðað á Klofningi sem á ekki að fara þangað, í trássi við þær reglur sem gilda á urðunarstaðnum. Sem dæmi má nefna að rafgeymar og kælibox hafa ratað þangað.“

Annað vandamál eru plastpokar sem innihalda óbrennanlegt sorp frá íbúum Ísfjarðarbæjar. Í hvassvirði geta þessir pokar fokið burtu, endað einhversstaðar í

landslaginu og valdið sjónmengun. Einnig getur létt brennanlegt efni óvart lent þar. Pappír, plastpokar, pappakassar og annað létt sorp er þar hægt að nefna. Þá hefur komið í ljós að fólk á það til að henda rusli beint yfir girðinguna í stað þess að nota sorpgáminn á Flateyri.“

Áhrif á vatn. Í ástandsskýrslu umhverfisfulltrúa, dags. í febrúar 2009, sem er viðauki í tilkynningunni segir m.a:

„Sigvatn sem kemur úr urðunarstaðnum er í lagi.“

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður efnagreininga á sigvatni frá árinu 2005.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur einnig fram að niðurstöður mælinga sýni að efnainnihald í vatnssýnum frá urðunarstaðnum sé í mörgum tilfellum 100-1000 sinnum lægra en viðmiðunarmörk reglugerðar nr. 738/2003.

Í greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða, sem er fylgiskjal tilkynningarinnar dags. nóvember 2000 og byggir á vettvangsathugun, segir meðal annars.:

„Þar sem fjaran er opin og hreyfing sjávar mikil er engin hættu á að efni sem hugsanlega berast frá staðnum safnist upp í fjörunni. Til að áhrifa af urðunarstaðnum gætti í fjörunni þyrfti að berast mikið magna af eiturefnum eða þungmálmum.“

Framkvæmdatími. Áætlaður framkvæmdatími er 13 ár frá lokum ársins 2009 eða byrjun árs 2010.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, sem sé á lokastigi vinnslu, sé gert ráð fyrir að urðunarstaður sveitarfélagsins verði við Klofning. Urðunarstaðurinn sé á snjóflóðahættusvæði og því sé ekki gert ráð fyrir byggingum á svæðinu.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að tryggja að sveitarfélagið hafi heppilegan urðunarstað fyrir óbrennanlegt sorp og að fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að minjavörður Vestfjarða hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði. Engar fornleifar hafi fundist á sjálfum urðunarstaðnum en skammt austur af honum sé gamla bæjarstæði Eyrar. Urðunarstaðurinn og snjóflóðavarnagarður séu farnir að þrengja að bæjarstæðinu og því rétt að vekja athygli á staðsetningu þess þó svo að fyrirhuguð stækkun urðunarstaðarins nú muni ekki raska bæjarstæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á að urðunarstaðurinn sé í gamalli malarnámu og þar sem ekkert vatn hafi runnið í gegnum hann á liðnu vori hafi ekki verið hægt að ná sýnum af sigvatni þá.

Umhverfisstofnun bendir á að í útdrætti úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 sem nú sé á síðustu vinnslustigum komi fram að urðunarstaðurinn við Klofning sé íbúum á Flateyri til ama vegna sjónmengunar á útivistarsvæði og vegna rusls á víðavangi sem tengt er urðunarstaðnum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að unnið sé að bótum varðandi þessa þætti. Þá er bent á að í tilkynningu framkvæmdaraðila

segi að gert sé ráð fyrir að byggð verði flokkunarstöð við Funa en í útdrætti úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 komi hins vegar fram að gert sér ráð fyrir að hún verði við Klofning, en í drögum að starfsleyfistillögu sé ekki gert ráð fyrir flokkunarstöð við Klofning.

Í svörum Ísafjarðarbæjar kemur fram að flokkunarstöð muni verða staðsett við Sorpbrennslustöðina Funa. Með tilkomu flokkunarstöðvar muni magn og gerð úrgangs sem fer til urðunar minnka, m.a. úrgangur sem geti fokið og því dragi verulega úr hættu á sjónmengun á útivistarsvæði við Flateyri.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningunni séu færð rök fyrir litlum umhverfisáhrifum 1. áfanga urðunarstaðarins með því að vísa til mælinga á efnasamsetningu vatns úr lækjum í nágrenni urðunarstaðarins og séu nýjustu mælingar frá árinu 2005. Umhverfisstofnun dregur í efa að niðurstöður þessara mælinga gefi rétta mynd af ástandi svæðisins eða þeim áhrifum sem urðunarstaðurinn hafi á umhverfi sitt þar sem þetta vatn sé óskilgreind blanda af sigvatni og grunnvatni. Til að gefa raunsanna mynd af ástandi svæðisins þyrfti að mæla efnasamsetningu grunnvatns fyrir ofan og neðan urðunarstaðinn og jafnvel efnasamsetningu jarðvegsins fyrir neðan hann þar sem náttúruleg síun sigvatns hafi orðið. Þar sem um framtíðarurðunarstað sé að ræða telji Umhverfisstofnun að bæta verði meðhöndlun sigvatnsins. Með söfnun og hreinsun sigvatns, eins og gert sé ráð fyrir í meðfylgjandi drögum að starfsleyfistillögu, yrði þessi náttúrulega síun ekki lengur við lýði, heldur tekin upp hreinsun sigvatns undir eftirliti og hægt yrði að fylgjast betur með efnasamsetningu þess sigvatns sem frá urðunarstaðnum kæmi. Verði útgefið starfsleyfi í samræmi við áður nefnd drög yrði því um mikla framför að ræða við meðhöndlun sigvatns og í ljósi þess telji Umhverfisstofnun ekki þörf á frekari rannsóknum á efnasamsetningu grunnvatns umhverfis staðinn áður en að endurnýjun starfsleyfis kemur. Verði starfsleyfið hins vegar ekki í samræmi við drögin og meðhöndlun sigvatns með sama hætti og verið hafi, telji Umhverfisstofnun að rannsaka verði betur áhrif sigvatnsins á umhverfi urðunarstaðarins. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á viðbragðsáætlun, sem taki á mögulegri bráðamengun frá urðunarstaðnum, þurfi að vera til staðar og í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í svörum Ísafjarðarbæjar kemur fram að verði gerð krafa um botnþéttingu í starfsleyfi verði farið eftir henni og framkvæmd botnþéttingar unnin í samráði við Umhverfisstofnun.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að hefja urðun á svæði annars áfanga af fjórum á urðunarsvæðinu við Klofning í Öndarfirði. Svæðið sem ætlað er til urðunar þar er á flötum hjalla í um 35 m hæð yfir sjó og um 1,5 km utan við íbúðabyggðina á Flateyri. Fyrir neðan urðunarstaðinn er hár stallur niður í fjöruna. Svæði annars áfanga er um 8.400 m² en svæði fyrsta áfanga var um 10.000 m² og er að verða fullnýtt. Rekstur urðunarstaðarins byggir á því að urða úrgang, ösku og óbrennanlegt sorp frá sorpbrennslunni Funa.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í gögnum málsins kemur fram að fok úrgangs við urðun á svæðinu hafi valdið neikvæðum sjónrænum áhrifum í nágrenni urðunarstaðarins. Fokið stafi m.a. af því að fluttur er á staðinn foggjarn, brennanlegur, úrgangur sem á ekki að fara þangað, einnig

séu dæmi um að rusli sé hent yfir girðingu sem er umhverfis urðunarsvæðið, í stað þess að setja það í sorpgáma.

Fram kemur að framkvæmdaraðili fyrirhugar að flokka betur úrgang sem fer til urðunar á svæðinu og draga þannig úr magni úrgangs sem getur fokið útfyrir urðunarsvæðið. Skýr ákvæði eru um hvað má urða og hvernig beri að standa að urðun í tillögu að starfsleyfi.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að með bættum vinnubrögðum verði sjónræn áhrif af völdum foks frá urðunarstaðanum ekki veruleg.

Þá kemur fram að urðunin kunni að hafa áhrif á efnainnihald vatns sem sígur í gegnum úrganginn en efnagreiningar bendi til þess að magn efna í sigvatni sé vel innan marka reglugerðar nr. 738/2003. Umhverfisstofnun bendir á að rannsókn á sigvatni hafi verið ábótavant og úr því þurfi að bæta eða þétta botn svæðisins og safna sigvatni og meðhöndla það áður en það er leitt til sjávar. Framkvæmdaraðili bendir á að yfirborðsvatn er leitt framhjá svæðinu og að á liðnu vori hafi ekkert rennandi vatn sést á svæðinu milli urðunarsvæðisins og sjávar sem hægt hafi verið að taka sýni af til að kanna efnainnihald sigvatns. Framkvæmdaraðili tekur einnig fram að ef krafa verður gerð um botnþéttingu urðunarsvæðisins í starfsleyfi verði farið eftir henni, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að fyrirbyggjandi gögn um efnainnhald sigvatns séu ekki nægileg til að gefa raunsanna mynd af áhrifum urðunarinnar á grunnvatn og að bæta beri meðhöndlun sigvatns. Skipulagsstofnun telur að í tillögu að starfsleyfi komi fram skýr krafa Umhverfisstofnunar um söfnun og hreinsun sigvatns og framkvæmdaraðili hefur lýst því í svörum sínum að farið verði að kröfum í starfsleyfi hvað þetta varðar. Skipulagsstofnun telur því að mengunarhætta frá öðrum áfanga urðunarstaðarins við Klofning verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ísafjarðarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ísafjarðarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun urðunarstaðarins við Klofning í Öndarfirði, Ísafjarðarbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Einnig starfsleyfi sem gefið er út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrar laga og reglugerða, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ísafjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. september 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson